

Mánudaginn 31. október 1983.

Nr. 156/1981. **Gústav Sigvaldason**

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

**Jóhanni Má Jóhannssyni og
Þóreyju Jónsdóttur fyrir eigin hönd og
óþjárráða barna þeirra,
Jóns Axels Jóhannssonar og
Stellu Hrannar Jóhannsdóttur,
og gagnsök**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Ábúðarlög. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1981. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjenda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjenda óskipt bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1981. Dómkröfur þeirra eru þær, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 20.478.61 krónu með 13% ársvöxtum af 2.195.86 krónum frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1978, 19% ársvöxtum af 20.478.61 krónu frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. dseember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan með hæstu innlánsvöxtu, eins og þeir eru hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi Jóhann Már Jóhannsson fékk gjafsókn í héraði

15. október 1980 og gagnáfrýjendur gjafvörn í aðalsök og gjafsókn í gagnsök í Hætarétti 12. október 1983.

Aðaláfrýjandi sagði gagnáfrýjandanum Jóhanni Má Jóhannssyni upp ábúðarrétti á jörðinni Hrafnabjörgum með bréfum, dagsettum 12. desember 1974 og 27. maí 1975, þar sem hann hygðist sjálfur hefja þar búskap. Gagnáfrýjendur fluttust af jörðinni 10. júní 1976. Hvorki fluttist aðaláfrýjandi á jörðina né afhenti hann hana til ábúðar neinum af þeim skyld- eða venslamönnum, sem upp eru taldir í 2. mgr. 9. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961, sbr. nú 3. mgr. 5. gr. laga nr. 64/1976. Verður að telja, að uppsögn aðaláfrýjanda á jarðarafnotum gagnáfrýjandans Jóhanns Más hafi verið „af yfirskinsástæðum“ í skilningi 4. mgr. 9. gr. fyrrnefndu laganna. Af þessum sökum á gagnáfrýjandinn Jóhann Már Jóhannsson skaðabótarétt á hendur aðaláfrýjanda, sbr. niðurlagsákvæði nefndrar lagagreinar, vegna afurðatjóns af búi sínu og annars tjóns vegna uppsagnarinnar, þar með talins afurðatjóns vegna búpenings, sem sérstaklega var eignaður eiginkonu hans og ófjárráða börnum. Skaðabótaréttur þessi er ekki bundinn því skilyrði, að Jóhann Már krefðist þess að fá jörðina aftur, og er réttur þessi hvorki fallinn niður fyrir tómlæti né fyrningu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta úrlausn hans á hinum einstöku kröfuliðum gagnáfrýjenda.

Mál þetta var upphaflega þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 28. júní 1979. Eins og á stendur, þykir ekki rétt að dæma vexti frá fyrri tíma. Vextir þessir ákveðast svo sem í dómsorði greinir.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun talsmanns gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 16.000.00 krónur.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 16.400.00 krónur, sem rennur í ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Gústav Sigvaldason, greiði gagnáfrýjendum, Jóhanni Má Jóhannssyni og Þóreyju Jónsdóttur fyrir eigin hönd og ófjárráða barna þeirra, Jóns Axels Jóhannssonar og Stellu Hrannar Jóhannsdóttur, 9.913.00 krónur með 34.5% ársvöxtum frá 28. júní 1979 til 1. september 1979, 39.5% árs-

vöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en 36% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjenda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 16.000.00 krónur.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 16.400.00 krónur, sem rennur í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómshings Húnavatnssýslu 29. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., var þingfest hér fyrir aukþinginu 30. júlí 1980, en höfðað með stefnu, útgefinni 7. maí s. á., af Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni fyrir hönd Jóhanns Más Jóhannssonar, Keflavík, Hegrnesi, Skagafirði, fyrir eigin hönd og hönd eiginkonu, Þóreyjar Jónsdóttur, og ófjárráða barna þeirra, Jóns Axels og Stellu Hrannar, gegn Gústav Sigvaldasyni skrifstofustjóra, Blönduhlíð 28, Reykjavík, en með lögheimili að Hrafnabjörgum í Svinavatnshreppi. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða þeim skaðabætur að fjárhæð kr. 20.478.61 með 13% ársvöxtum af kr. 21.958.60 frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1978, með 19% ársvöxtum af kr. 20.478.61 frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júní 1979, með 34% ársvöxtum (dómvöxtum) af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. september 1979, með 39.5% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. desember 1979, með 43.5% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1981, með 46.4% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 42.8% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi

til uppsögu dóms í máli þessu, en síðar með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Málavextir eru þessir: Vorið 1973 flutti stefnandi búferlum á jörðina Hrafnabjörg í Svinavatnshreppi, en jörðin er að hálfu eign stefnda. Var stefnandi leiguliði stefnda. Síðla árs 1974 segir svo stefndi stefnanda upp ábúð á jörðinni miðað við fardaga 1975, þar sem hann þurfti jörðina til eigin búskapar. Síðar breytti stefndi þessum áformum sínum, þar sem uppsagnarfrestur var ekki nægjanlegur, og sagði stefnanda upp ábúð á jörðinni miðað við fardaga 1976, og flutti stefnandi af jörðinni að hann minnr 10. júní 1976 að Keflavík í Hegranesi.

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína á því, að uppsögn hafi reynst vera yfirskinsástæða. Stefndi hafi ekki farið að búa, heldur fengið annan ábúanda, sem hann kalli að vísu ráðsmann, sem sé í húsmennsku. Þar með sé stefndi skaðabótaskyldur gagnvart sér, sbr. 9. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961. Ný ábúðarlög tóku gildi einmitt um þetta leyti, en sams konar ákvæði eru í 5. gr. þeirra laga nr. 64/1976, svo ekki þarf að taka afstöðu til, hvaða lög hér gilda, enda ekki minnst á þessi nýju lög af lögmönnum. Þeir töldu 9. gr. gömlu laganna nr. 36/1961 gilda um þetta atriði.

Stefndi gæti því orðið skaðabótaskyldur, ef um yfirskinsástæðu væri að ræða. Svo virðist sem stefndi hafi ætlað sér að fara að búa á Hrafnabjörgum og engin ástæða til annars en líta svo á, að það hafi verið ætlun hans, er hann sagði stefnanda upp ábúðinni. Þegar svo málin taka aðra stefnu, hefði hann átt að gefa stefnanda kost á áframhaldandi byggingu jarðarinnar, en ekki að byggja hana öðrum eða fá annan ráðsmann. Dómurinn lítur svo á, að staða núverandi ábúanda, Sigurvalda Sigurjónssonar, og stefnanda á sínum tíma sé mjög svipuð og um raunverulega ábúð sé að ræða. Þótt stefndi telji sér lögheimili á Hrafnabjörgum, þá segir það ekki neitt, nema að lög in heimilisfang eru sniðgengin.

Það er álit dómsins, að með því að fá annan ábúanda í stað stefnanda, verði að túlka þá breytni sem brot á 9. gr. ábúðarlaganna nr. 36/1961, nú 5. gr. laga nr. 64/1976. Stefnandi hefði því getað krafist jarðarinnar aftur og stefndi orðið skaðabótaskyldur.

Krafan um að fá jörðina aftur varð óraunhæf, er stefnandi flutti yfir sauðfjárveikivarnalínuna. Það leikur sér enginn að því að skipta alveg um bústofn oft á ævinni. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi borið víurnar í fimm jarðir vestan varnarlínu, þar sem hann vissi, að var hreyfing á ábúendum, en er á reyndi, voru þær jarðir ekki falar né hægt að fá þær byggð-

ar. Hann hafði því ekki átt annarra kosta vól en flytja yfir varnarlinuna, ef hann vildi búa áfram hér í nágrenninu. Þetta hefur ekki verið vefengt, enda skiptir þetta ekki máli í sjálfu sér, þar sem ekki er gerð krafa um að fá jarðnæðið aftur. Á þetta er minnst, vegna þess að rétturinn til þess að gera kröfu um endurbyggingu jarðar fyrnist á einu ári, og lögmaður stefnda vill halda því fram, að rétturinn til skaðabóta fyrnist einnig á einu ári. Réttur stefnanda, hafi hann einhver verið, sé niður fallinn vegna aðgerðarleysis hans. Á þetta sjónarmið getur dómurinn ekki fallist, heldur telur hann, að orðalag greinarinnar taki af öll tvímæli um, að skaðabótarétturinn sé til staðar, sé um sannanlegan skaða að ræða, þótt bóta sé ekki krafist innan árs, en sá dráttur stafar m. a. af því, að rétturinn til skaðabóta stofnast ekki fyrr en útséð er um það, hvort eigandinn, stefndi, fari að búa sjálfur á jörðinni eða ekki. Aðeins krafan um endurheimt jarðarinnar fyrnist á einu ári. Verður því að líta svo á, að réttur til bóta sé óskertur, þótt málarekstur hafi dregist.

Kröfur stefnanda eru í 5 liðum: Fyrsta lagi fyrir afurðartjón, önnur og þriðja krafan er vegna flutningskostnaðar, fjórða vinna við nýrækt og fimmta unnið að girðingarframkvæmdum.

1. Krafan um afurðartjón er studd þeim rökum, að meiri meðalþyngd hafi verið á lömbunum á Hrafnabjörgum en frá Keflavök, þar sem stefnandi býr núna. Þessi fullyrðing er ákaflega umdeildanleg. Meðalþyngd fer m. a. eftir árferði og auðvitað einnig eftir landgæðum og eiginleikum stofnsins. Um hitt geta menn verið sammála, að bóndi, sem flytur búferlum og losar sig við allan fjárstofninn og kaupir nýjan, að verulegu leyti gimbrar, hlýtur að verða fyrir afurðartjóni fyrsta árið. Það tjón er erfitt að meta, því þar kemur einnig til álitá, að nýi stofninn verður eingöngu ungar ær, sem ekki þarf að yngja upp strax. Þarna kemur bæði til greina minni tekjur í fyrstu, en auknar tekjur, þegar til lengdar lætur, þ. e. ekki þarf að setja eins mikið á. Bætur fyrir afurðartjón þykja því hæfilega metnar á gkr. 900.000, eða kr. 9.000.00.

2. Liðirnir 2 — 3, flutningskostnaður vegna búferlaflutninga og vegna fjárflutninga, eru ekki úr hófi fram og eðlilegt að stefnandi fái þann kostnað bættan, eða gkr. 91.286, eða kr. 913.00.

3. Liðirnir nr. 4 og 5 eru ekki skaðabótakröfur, heldur körfur um laun fyrir framlagða vinnu. Þessum kröfum er mótmælt af stefnda, sem telur sig alltaf hafa greitt framlagða reikninga fyrir vinnu í sína þágu eða jarðarinnar. Úttekt fór ekki fram á jörðinni, hvorki er stefnandi tók við henni né heldur er hann fór af henni. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að þetta verk hafi verið unnið, t. d. með vottorði ræktunarráðunauts eða slíkum gögnum. Hann virðist ekki heldur hafa getið um þessa skuld, er hann flutti

af jörðinni, en þá hefði hann a. m. k. átt að senda reikning. Þessar kröfur verða því ekki teknar til greina.

Mál þetta er gjafsóknarmál. Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 6.500.00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gústav Sigvaldason, greiði stefnendum, þeim Jóhanni Má Jóhannssyni, Þóreyju Jónsdóttur, Jóni Axel Jóhannssyni og Stellu Hrönn Jóhannsdóttur, kr. 9.913.00 auk 13% ársvaxta frá 1. jan. 1977 til 21. nóv. 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 15. júní 1979, 34% ársvaxta frá þeim degi til 1. sept. 1979, 39.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. des. 1979, 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1981, 46.4% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1981, 42.8% ársvaxta frá þeim degi til dagsins í dag og síðan hæstu innlánsvaxta, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Þá greiði stefndi kr. 6.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. október 1983.

Nr. 203/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Erni Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru skráðri í sakadómsbók 28. október 1983. Barst hún Hæstarétti sama dag. Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi